

Hvanneyri 9. mars 2024

Háskólamenntun í raunverulegri hættu - Fjöldatakmarkanir í starfsréttindanám í iðjuþjálfunarfræði

Í haust stóðu Landssamtök íslenskra stúdenta auk BHM fyrir herferðinni Mennt var máttur. Tilgangur herferðarinnar var að sýna fram á þá dystópísku mynd sem gæti blasað við íslensku samfélagi ef ekki verður gerð breyting á fjármagni til háskólakerfisins. Sú mynd gæti raungerst og herferðin sannspárrí en LÍS hefði viljað. Meðal þeirra stétta sem herferðin snerti á voru mikilvægar heilbrigðisstéttir sem alvarlegt væri fyrir íslenskt samfélag ef ekki yrðu menntaðar hérlandis.

Iðjuþjálfunarfræðideild Háskólans á Akureyri óskaði eftir því að háskólaráð Háskólans á Akureyri fjallaði um fjöldatakmarkanir í starfsréttindanám í iðjuþjálfunarfræði og liggur fyrir ráðinu að taka ákvörðun um það. Ákvörðun iðjuþjálfunarfræðideildar er tekin vegna þess að deildin er vanfjármögnuð og sér ekki fram á að geta tekið við fleiri stúdentum. Stúdentar hafa um langa hríð bent á að háskólakerfið sé vanfjármagnað og gagnrýna stúdentar harðlega að leitað sé til fjöldatakmarkana sem lausnar við fjárskorti.

Deildin er sú eina hérlandis sem býður upp á nám í iðjuþjálfunarfræði. Greinin er fremur ung hérlandis en hefur verið í örum vexti síðastliðin ár og er mikill áhugi á náminu. Einnig er töluverður skortur á iðjuþjálfurum í íslensku samfélagi innan heilbrigðis- og velferðarkerfisins og því mikilvægt að útskrifa fleiri iðjuþjálfara hérlandis. Tilgangur háskólamenntunar er að skapa þekkingu og fjölga tækifærum með það að leiðarljósi að gera samfélagið öflugra og tryggja fjölbreytta þekkingu.

Það að þurfa að setja fjöldatakmarkanir í deildina á þessum tímamarki vegna fjárskorts er sorglegt, ekki einungis fyrir stúdenta deildarinnar, starfsmenn og iðjuþjálfara heldur einnig fyrir stúdenta í heild því ákvörðunin varpar ljósi á það hvar háskólakerfið er stadd í raun og veru.